



Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

# Skólareglur Hraunvallaskóla

## SMT-reglur Hraunvallaskóla byggja á dyggðum hans sem eru:

*Vinátta - samvinna – ábyrgð*

Markmið SMT er að skapa jákvæðan skólabrag og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Þessi nálgun byggir á margra ára rannsóknum sérfræðinga í Oregon í Bandaríkjunum og er framkvæmd í samráði við þá.

Hrós er notað sem jákvæð og árangursrík hvatning. Hvatning í formi hróss eykur mjög sjálfstraust barna og er árangursríkust ef hrósið er nákvæmt og ef það er gefið fyrir nýja og betri hegðun eða færni. Dreki er gefinn þegar starfsmaður verður vitni að æskilegri hegðun nemande, eins og að fara eftir reglum eða þegar hann sýnir framför. Einnig er hægt að gefa hópum dreka. Nemandi skilar dreka til umsjónarkennara eftir að hann hefur farið með hann heim og sýnt foreldrum. Starfsfólk skólans leggur sig fram við að segja við nemendur fyrir hvaða hegðun drekin er gefinn. Árgangurinn fær umbun þegar fyrirfram ákveðnum fjölda dreka er náð.



Í skólanum er starfandi SMT-teymi. Í því eiga sæti fulltrúar kennara, starfsmanna og stjórnenda. SMT-teymið fundar reglulega og heldur m.a. utan um endurmenntun starfsfólks og innleiðingu nýrra verkfæra. Hraunvallaskóli varð sjálfstæður SMT-skóli skólaárið 2011-2012. Hér neðar má finna SMT-reglutöflu skólans og agaferil.

## Reglutafla SMT

SVÆÐI	VINÁTTA	SAMVINNA	ÁBYRGÐ
<b>REGLUR Á ÖLLUM SVÆÐUM</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vera vinaleg</li> <li>• Hjálpa öðrum</li> <li>• Tilbúin að vera við hliðina á hverjum sem er</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fylgja athyglismerki</li> <li>• Nota innirödd</li> <li>• Setja rusl í ruslafötur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fara eftir fyrirmælum</li> <li>• Hafa hendur og fætur hjá sér</li> <li>• Leiða hjá sér óaskilega hegðun</li> <li>• Fara vel með eigur okkar og annarra</li> </ul>
<b>BÚNINGSKLEFAR</b>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bíða róleg á bekk eftir kennara í íþróttum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hengja föt á snaga</li> <li>• Hafa með sér viðeigandi fatnað</li> </ul>
<b>GANGUR/ANDDYRI</b>			<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hengja föt á snaga</li> <li>• Setja skó í skóhillu</li> <li>• Ganga hægra megin</li> </ul>
<b>KENNSLUSVÆÐI</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Taka tillit til annarra</li> <li>• Tilbúin að vinna með hverjum sem er</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gefa vinnufrið</li> <li>• Virða tíma okkar og annarra</li> <li>• Réttu upp hönd</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vera vinnusöm</li> <li>• Vera með viðeigandi gögn</li> <li>• Mæta á réttum tíma</li> <li>• Vera á sínu svæði</li> <li>• Snjalltæki með leyfi kennara</li> </ul>
<b>MATSALUR</b>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fara í röð</li> <li>• Ganga frá eftir sig</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nota borðsiði</li> <li>• Ganga rólega</li> </ul>
<b>SALERNI</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gefa öðrum næði</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sturta niður</li> <li>• Þvo hendur</li> </ul>
<b>SALUR</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Klappa á viðeigandi hátt</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ganga í röð til og frá sal</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sitja hljóð og hlusta á flutning annarra</li> </ul>
<b>SKÓLALÓÐ</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leika saman</li> <li>• Hugsa um þá sem eru einir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vera inni á skólalóðinni</li> <li>• Virða leik annarra</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Klæða sig eftir veðri</li> <li>• Geyma hjól í hjólastandi á skólatíma</li> <li>• Snjókast á gamla körfuboltavellinum</li> <li>• Hjólabretti á gamla körfuboltavellinum</li> </ul>
<b>FERÐIR Á SKÓLATÍMA</b>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fara rólega inn og út úr bílnum</li> <li>• Halda hópinn</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fara í röð áður en bíllinn kemur</li> <li>• Sitja kyrr í sætum</li> <li>• Spenna beltin</li> </ul>

**Við skiljum gos, sælgæti og orkudrykki eftir heima. Notkun vopna, tóbaks, áfengis og vímuefna er óheimil sem og þjófnaður og svindl.**

## Agafarli SMT

Agafarill SMT fer af stað þegar nemandi fer ekki eftir reglum skólans.

### 1. stigs brot: Brot á skólareglu

Starfsmaður minnir á skólareglu og gefur skýr fyrirmæli, setur orð á hegðun.

Dæmi: Við göngum á ganginum.

Nemandi fer eftir fyrirmælum og málið er leyst.

### 2. stigs brot: Endurtekið brot á sömu skólareglu

#### Stoppmiði gefinn

1. Fyrirmæli

„Byrjaðu að vinna“

- Bíða í 10 sekúndur -

2. Fyrirmæli endurtekin

Ef nemandi gerir ekki eins og sagt er, þá er það stoppmiði

„Byrjaðu að vinna strax eða ég skrifa stoppmiða“

- Bíða í 10 sekúndur -

3. Orð á hegðun

„Þetta er ekki að fylgja fyrirmælum, nú þarf ég að skrifa stoppmiða“

1. Kennari sem gefur stoppmiða skráir hann í Mentor samdægurs.
2. Starfsfólk (sem ekki hefur aðgang að Mentor) kemur stoppmiða til umsjónarkennara eða til ritara.
3. Umsjónarkennari skráir stoppmiðann í Mentor samdægurs. Mikilvægt er að fylla í alla reiti. Alltaf á að haka við að senda tilkynningu um færsluna á aðstandendur og umsjónarkennara. Einnig skal haka við að birta foreldrum.

Dagbókarhluti Mentors er ekki „sakaskrá nemenda“. Þegar skráðar eru færslur um agabrot er mikilvægt að lýsing á atvikum sé hlutlaus og ekki gildishlaðin. Ekki má skrifa nöfn annarra nemanda í dagbókarfærslur. Allar færslur byrja á númer hvað stoppmiðinn er.

Nemandi	<input type="text"/>	Aðgangur	Allir (Starfsmenn tengdir nem/hc ▼)
Dagsetning	21.09.2016	Kl	10 :00
Staðsetning	Kennslustofa ▼	Kennslustofa	
Lýsing á atviki	Vinnur ekki ▼	Vinnur ekki	
Ástæða	Komast undan því að læra ▼	Komast undan því að læra	
Afleiðingar	Viðvörðun gefin/Rætt við nemand	Viðvörðun gefin/Rætt við nemandann	
Sendu tilkynningu um færsluna á:	<input checked="" type="checkbox"/> Aðstandendur <input checked="" type="checkbox"/> Umsjónarkennara <input type="checkbox"/> Skólastjórnendur		
Texti	<input checked="" type="checkbox"/> Orðabankinn minn <input checked="" type="checkbox"/> Orðabanki skólans <input checked="" type="checkbox"/> Birta foreldrum <input type="checkbox"/> Birta nemanda		
<p>1. Stoppmiði Lýsing á atviki</p>			

### 3. stigs brot: Alvarlegt hegðunarbrot

Dæmi: Ofbeldi, skemmdarverk, þjófnaður, vímuefnanotkun, vopnaburður, að hafa rangt við o.fl.

Nemandi fær stoppmiða án aðvörunar. Farið er með nemanda til skólastjórnanda sem ákveður framhaldið og upplýsir umsjónakennara. Farið er eftir verkferlum um viðbrögð við alvarlegum brotum.

## Viðbrögð við stoppmiðum

### 5 stoppmiðar:

Þegar nemandi hefur fengið 5 stoppmiða boðar umsjónarkennari nemandann í SMT-nemendasamtal (sjá eyðublað) þar sem farið er yfir þá hegðun/framkomu sem þarf að laga og viðeigandi reglur rifjaðar upp. Umsjónarkennari getur boðað aðra kennara með sér í viðtalið t.d. ef margir stoppmiðar eru úr smiðjum eða íþróttum.

Umsjónarkennari skrifar dagbókarfærslu í Mentor, gerir grein fyrir um hvað var rætt og sendir tilkynningu um færsluna á aðstandendur að nemendasamtali loknu.

Mikilvægt er að fylla út SMT- nemendasamtalsblað og koma því til deildarstjóra.

### 10 stoppmiðar:

Þegar nemandi hefur fengið 10 stoppmiða boðar umsjónarkennari foreldra á fund ásamt deildarstjóra. Lausna er leitað m.a. með verkfærum SMT. Umsjónarkennari fer yfir niðurstöðu fundarins með nemanda.


Nýr fundur er ávallt boðaður og fundað reglulega þar til málið er komið í viðunandi horf.

Ef ekki tekst að koma málinu í viðunandi horf er málinu vísað í nemendaverndarráð sem tekur ákvörðun um næstu skref.

*Við upphaf vorannar fyrmast stoppmiðar haustannar og allir byrja á núllpunkti.*

**Við notum hvatningu til að kenna barni viðeigandi hegðun og viðhalda henni.  
Með því að gefa æskilegri hegðun gaum þá eykst tíðni hennar.**

Mikilvægt að gæta jafnvægis



# Punktakerfi í unglingsdeild

## Ástundun náms hjá unglingsdeild

Í 8. – 10. bekk er gefin einkunn fyrir skólasókn og ástundun. Nemendur og foreldrar/forráðamenn fá upplýsingar um skólasókn sendar heim vikulega. Foreldrar/forráðamenn geta einnig fylgst með skólasókn og ástundun barna sinna í Mentor. Í Mentor eru skráðar inn upplýsingar um skólasókn og ástundun, þar eru einnig skráðar í dagbók upplýsingar um einstaka hegðunarbrot nemenda. Umsjónarkennari hefur forgöngu um lausn á vanda vegna skólasóknar, ástundunar og agabrota í samvinnu við nemanda og foreldra/forráðamenn. Ef ekki tekst að leysa vandan er málinu vísað til skólustjórnenda og síðar nemendaverndarráðs náist ekki utan um málið. Við alvarleg agabrot eða slæga skólasókn getur þurft að vísa nemanda í 8. – 10. bekk tímabundið úr skóla. Jafnframt er málinu vísað til Félagsþjónustu Hafnarfjarðar og Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Í 8. – 10. bekk er unnið út frá SMT-skólafærni. Nemendur fá stoppmiða við brot á skólareglum Hraunvallaskóla.

## Nemandi í 8. – 10. bekk byrjar með skólasóknar/ástundunareinkunnina 10 við upphaf skólaársins.

- Við óheimila fjarvist fær nemandi 2 punkta.
- Nemandi fær 1 punkt ef hann kemur of seint í kennslustund. Komi nemandi 15 mínútum of seint eða meira fær hann óheimila fjarvist.
- Við brottrekstur úr kennslustund fær nemandi stoppmiða. Sé nemanda vísað úr kennslustund mætir hann með námsbækur sínar til deildarstjóra/aðstoðarskólustjóra. Þar er farið yfir ástæður þess að til brottvikningar kom. Nemandi mætir ekki í kennslustund hjá viðkomandi kennara fyrr en búið er að fara yfir málið og það leyst. Ástæður brottvikningar eru skráðar í dagbók nemanda og jafnframt til hvaða lausna er gripið. Einnig er haft samband við foreldra/forráðamenn.
- Mæti nemandi ekki með heimavinnu eða viðeigandi námsbækur í kennslustund fær hann 1 punkt.
- Mæti nemandi ekki með viðeigandi búnað í íþróttatíma fær hann 1 punkt.
- Reykingar sem og notkun hvers kyns vímuefna er bönnuð í skólanum, á skólalóðinni á skólatíma sem og hvar sem nemendur eru á vegum skólans. Verði nemandi uppvís af slíkri háttsemi fær hann 10 punkta. Brot af þessu tagi getur leitt til tímabundinnar brottvísunar úr skóla. Ef um alvarleg brot er að ræða er málinu vísað til lögreglu og/eða barnaverndaryfirvalda.
- Þegar nemandi hefur fengið 6 punkta gefur umsjónarkennari nemandanum áminningu.
- Þegar nemandi hefur fengið 10 punkta hefur umsjónarkennari samband við foreldra/forráðamenn viðkomandi og gerir þeim grein fyrir stöðu mála.
- Þegar nemandi hefur fengið 20 punkta leitar umsjónarkennari álits nemendaverndarráðs og boðar síðan nemanda og foreldra/forráðamenn hans á fund í skólanum.
- Þegar nemandi hefur fengið 30 punkta boðar umsjónarkennari nemanda og foreldra/forráðamenn hans á fund í skólanum ásamt aðstoðarskólustjóra/ skólustjóra.
- Ef skólasókn nemanda heldur áfram að vera afleit (52 punktar) verður málum viðkomandi vísað til nemendaverndarráðs sem tekur ákvörðun um framhald þess.

## Skólasóknar/ástundunareinkunn

Punktur	Einkunn
0	10
1 – 3	9,5
4 – 6	9
7 – 9	8,5
10 – 12	8
13 – 15	7,5
16 – 18	7
19 – 21	6,5
22 – 24	6
25 – 27	5,5
28 – 30	5
31 – 33	4,5
34 – 36	4
37 – 39	3,5
40 – 42	3
43 – 45	2,5
46 – 48	2
49 – 51	1,5
52 og fleiri	1

Nemandi getur sótt um hækkun skólasóknar/ástundunareinkunnar. Skólasóknar/ástundunareinkunn hækkar þá um 0,5 fyrir hverja viku sem skólasókn/ástundun er óaðfínanleg frá umsókn um hækkun. Aðeins er hægt að sækja um hækkun skólasóknar/ástundunareinkunnar einu sinni á skólaári. Upplýsingar um punktastöðu breytast ekki í mentor af tæknilegum ástæðum.

### Nánar um verklag vegna mætinga og ástundunar

- Allar upplýsingar um ástundun (fjarvistir, seinkomur, verkefnaskil o.fl.) nemenda skal skrá strax í mentor.
- Umsjónarkennari yfirfer mætingar og ástundun nemenda sinna vikulega og sendir til foreldra gegnum mentor.
- Ef nemandi mætir illa í kennslustundir eða að námi viðkomandi sé ábótavant skal kennari greinarinnar sem um ræðir, hafa samband heim til viðkomandi nemanda með tölvupósti og senda afrit á umsjónarkennara.
- Ef kennari fær engin viðbrögð frá foreldrum/forráðamönnum nemanda við ábendingum vegna skólasóknar hans, skal umsjónarkennari látinn vita.
- Umsjónarkennari hefur samband heim símleiðis og boðar til fundar með nemanda, foreldrum til að leita lausna í sameiningu.
- Ef ástundun nemanda lagast ekki skal deildarstjóra vera kynnt málið. Deildarstjóri ásamt umsjónarkennara, nemanda og foreldrum/forráðamönnum leita lausna í sameiningu og gerður er mætingasamningur við nemanda.
- Ef ástundun fer enn ekki batnandi er málinu vísað til nemendaverndarráðs.